

Kortlagning veghita með áherslu á hálkustaði – Febrúar 2017. Arnór Tumi Jóhannsson, Veðurstofu Íslands.

Markmið þessa verkefnis er að þróa aðferð til að greina og spá fyrir um háлку á Reykjanesbraut af meiri nákvæmni en gert hefur verið til þessa, að athuga hvers konar veðurfar ýtir helst undir hálkumyndun á veginum og að kortleggja breytileika í veghita á honum. Til þess voru skoðaðar mælingar á ýmsum eiginleikum yfirborðsins, sem gerðar voru með mælitækinu RCM frá Teconer veturna 2014-2015 og 2015-2016.

Í þessari áfangaskýrslu um verkefnið kemur fram að veginum var skipt upp í um kílómetra langa kafla og hver kafla greindur með tilliti til frávíks sérhverrar breytu frá meðalgildi sömu breytu fyrir allan veginn. Þannig var til dæmis hægt að finna þá kafla það sem hiti mældist sérlega lágur, veghiti mældist miklu lægri en lofthiti, dýpt vatnshimnu á veginum mældist mikil og viðnám við yfirborð lítið. Til að tengja mælt ástand vegar við ytri veðurfarslegar aðstæður voru skoðuð gögn úr þremur sjálfvirkum veðurstöðvum við eða í nágrenni við veginn, í Straumsvík, á Strandarheiði og á Keflavíkurflugvelli.

Margvíslegar niðurstöður eru settar fram í skýrslunni og fram kemur að veruleg frávik eru á eiginleikum yfirborðs á ákveðnum stöðum Reykjanesbrautar. Meðal annars er kafla rétt vestan Straumsvíkur, sem sker sig úr fyrir að mælast mjög kaldur. Hann er einnig fremur þurr, sem kann að skýra hvers vegna ekki mælist þar mikið frávik frá meðaltali í viðnámi við veg. Þá eru nefndir kaflar á mislægum gatnamótum, annars vegar við Vatnsleysustrandarveg og hins vegar Grindavíkurveg, en þeir eru m.a. yfir meðallagi blautir, en þó er í því sambandi bent á að gagnasafnið gæti innihaldið óvissar upplýsingar við mislæg gatnamót.

Fram kemur að athuganir í þessu verkefni bendi til að breytileiki ýmissa eiginleika vegarins sé allnokkur og þurfi að kanna það betur. Gögnin sem þegar hefur verið safnað gefa þó ágætis vísbendingar um þá staði sem helst má búast við að háлка myndist á Reykjanesbraut, en bent er á að gagnasöfnun þyrfti að vera jafnari og markvissari en söfnun þeirra gagna sem hér var stuðst við, þ.e. gögnunum var safnað við akstur sem tengdist vetrarþjónustu. Betra væri að safna þeim í almennum akstri óháð færð og jafnt og þétt yfir það tímabil sem er til skoðunar.

Verkefninu verður haldið áfram.